



Rannsóknastofnun í Hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

Forstöðumaður:

Hildur Friðriksdóttir
Eirbergi, Eiríksgötu 34
101 Reykjavík
Sími: 525-5280
Fax: 525-4963
Netfang: rsh@hi.is

Ritstjóri Rannsóknafréttar: Hildur Friðriksdóttir
Hafðu samband ef þú vilt gerast áskrifandi.

Í stjórn RSH sitja:

Erla Kolbrún Svavarsdóttir formaður
Helga Bragadóttir
Lilja Stefánsdóttir
Helga Gottfreðsdóttir

www.rsh.hi.is

Rannsóknastofnun í Hjúkrunarfræði heyrir undir Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Stofnunin er sjálfstæð með eigin reglur og sérstaka stjórn. Rekstrarfé hennar kemur frá Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og Landspítala háskólasjúkrahúsi. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að styðja við og efsla rannsóknir kennara við Hjúkrunarfræðideild og Hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala, m.a. með því að byggja upp tækjabúnað, hugbúnað, gagnabanka og önnur mikilvæg tæki til rannsókna.

Árið 2007 var stofnaður **Rannsóknasjóður Ingi-bjargar R. Magnúsdóttur**, sem ætlað er að styrkja Hjúkrunarfræðinga og ljósmæður til doktorsnáms. Ábúga-samir geta styrkt sjóðinn af ýmsu tilefni. Hægt er að hafa samband við stofnunina í síma eða gegnum heimasíðu. Fjárhæðir má leggja inn á eftirfarandi bankareikning hjá Glitni: 0513-26-004057. Kennitala styrktarsjóða HÍ er 571292-3199. Einnig má nota slóðina www.minningarkort.is til að senda minningarkort í nafni sjóðsins og gefa í hann.

Margrét Gústafsdóttir ritstjóri bókar um Hjúkrunarheimili

Út er komin bókin Hjúkrunarheimili – Leiðbeiningar og fróðleikur fyrir fjölskyldur á tímamótum í ritstjórn dr. Margrétar Gústafsdóttur, dósents við Hjúkrunarfræðideild HÍ. Útgefandi er Háskólaútgáfan.

Markmiðið með útgáfu bókarinnar er að varpa ljósi á þá kosti sem aldraðir og fjölskyldur þeirra standa frammi fyrir þegar spurning um flutning á Hjúkrunarheimili kemur upp. Höfundar eru Hjúkrunarfræðingarnir Anna Birna Jensdóttir, Dagmar Huld Matthíasdóttir, Hlíf Guðmundsdóttir, Júlíana Sigurveig Guðjónsdóttir, Ingibjörg Hjaltadóttir, Margrét Gústafsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir.

Bókin byggir að miklu leyti á rannsóknaverkefnum sem sex af sjö höfundum bókarinnar

hafa komið að við Hjúkrunarfræðideild HÍ; Margrét sem kennari, Ingibjörg sem meistaranemi og kennari, Dagmar, Hlíf og Júlíana sem meistaranemar og Anna Birna sem prófdómari. Sigríður var síðan sérstaklega fengin til liðs við hópinn til að skrifa um tilkomu öldrunarstofnana hér á landi vegna starfa hennar á Elli- og Hjúkrunarheimilinu Grund, en vita mátti að uppbygging þess myndi koma talsvert við þá sögu.

Í byrjun bókarinnar er fjallað um sögu öldrunarheimila ásamt uppbyggingu þeirra og rekstur. Þá er rætt um mismunandi hliðar á þjónustu við aldraða í heimahúsi og gerð grein fyrir hvernig best sé að snúa sér ef til þess kemur að sækja þurfi um búsetu á Hjúkrunarheimili og hvernig æskilegast sé að standa að

vali á heimili. Sagt er frá heilsufari og daglegu lífi íbúa á Hjúkrunarheimilum og hlut fjölskyldu þeirra í umönnun. Í síðari hluta bókarinnar beinist sjónarhornið að lífsgæðum íbúa á Hjúkrunarheimilum, þar sem þau eru reifuð í ljósi ýmissa rannsókna.

Efnistöðin í köflunum eru mismunandi eftir inntaki hvers kafla. Sumir þeirra gera heimildum góð skil eða byggja fyrst og fremst á staðreyndum, lögum og reglugerðum. Aðrir kaflar segja sögu þeirra sem hafa lifað og hræst innan dyra á Hjúkrunarheimilum eða hafa komið þangað reglulega í heimsókn. Það er trú höfunda að þessi munur á efnistöku endurspeglar hve starfsemi Hjúkrunarheimila er viðamikil og margræð.



5. mars 2008

Rannsóknafréttir



Rannsóknastofnun í Hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

Ný aðstaða fyrir meðferðarrannsóknir tekin í notkun í Eirbergi

- Ársfundur Rannsóknastofnunar í Hjúkrunarfræði er 5. mars 2009 kl. 14.30–15.40 í stofu C-103, Eirbergi, Eiríksgötu 34.

- Allir eru velkomnir.

Nýtt rannsóknasetur Rannsóknastofnunar í Hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala, (Rannsóknasetur RSH) verður formlega tekið í notkun í dag, 5. mars 2009, í kjölfar ársfundar RSH.

Markmiðið með opnun rannsóknasetursins er að auðvelda kennurum Hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands og samstarfsfólki þeirra við Landspítala, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og aðrar stofnanir, innlendar og erlendar, að stunda meðferðarrannsóknir. Og þar með að styðja við það markmið í stefnu Hjúkrunarfræðideildar HÍ 2006–2011 að tvöfalda fjölda meðferðarrannsókna til ársins 2011.

Einnig er gert ráð fyrir að með tilkomu þessarar nýju aðstöðu opnast aukin tækifæri fyrir nemendur í framhaldsnámi til

að taka þátt í og stunda meðferðarrannsóknir.

Hópur kennara Hjúkrunarfræðideildar hefur komið að undirbúningi rannsóknasetursins undir stjórn Hildar Friðriksdóttur forstöðumanns RSH. Af kennurum ber þó sérstaklega að nefna aðkomu Helgu Jónsdóttur prófessors en hún hefur unnið dyggilega við hlið forstöðumanns og annars starfsfólks Háskóla Íslands við að gera aðstöðuna tilbúna á réttum tíma.

Helga og rannsóknateymi hennar eru nú þegar farin af stað með viðamikla rannsókn sem standa mun yfir næstu þrjú árin. Lesa má nánar um rannsóknina á bls. 3.

Gert er ráð fyrir að 4-6 rannsóknateymi geti samhliða



stundað rannsóknir í aðstöðunni. Skilyrði fyrir aðgangi að rannsóknasetrinu er að kennari Hjúkrunarfræðideildar sé í forsvari fyrir rannsóknateyminu.

Sérinnngangur er í Rannsóknasetur RSH, sem er til húsa á 1. hæð í C-álmum Eirbergs, norðurenda. Í nánustu framtíð verður útbúið bílastæði fyrir fatlaða við inngang rannsóknasetursins og aðkoma þar löguð, en framkvæmdum innanhúss með tilliti til aðkomu fatlaðra er að mestu lokið.

Það helsta í blaðinu

Ritstjórnarpistill	2
Samstarf um viðbótarmeðferðir á Landspítala	2
Fyrsti vísindadagur geðhjúkrunar vel sóttur	3
Rúmlega 5 m.kr. styrkur til lungnarannsóknar	3
Ný bók um Hjúkrunarheimili	4
Upplýsingar um Rannsóknasjóð	4

Rannsóknarvinna í óvissu vegna niðurskurðar hjá heilsugæslunni

Vegna niðurskurðar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, í kjölfar samdráttar í heilbrigðiskerfinu, er óvissa um framhald rannsóknar á notagildi og árangri foreldrafræðslunám-skeiða frá sjónarhorni verðandi foreldra. Rannsóknin er unnin í samvinnu við 17 heilsugæslustöðvar og er fyrirhugað að ná til um 800 einstaklinga.

Rannsóknin er dæmi um hvernig háskólinn, í þessu tilviki námsbraut í ljósmóðurfræði í samvinnu við heilsugæsluna, hafa byggt upp rannsóknarverkefni sem mun án efa leiða af sér fræðilega þekkingu og möguleika til hagræðingar á framboði þjónustu sem þessarar.

Niðurstöður munu nýtast við áframhaldandi þróun fræðslu til verðandi foreldra bæði varðandi form hennar og innihald. Rannsóknin er samþykkt af yfirmönnum heilsugæslunnar og er unnin í samvinnu við Miðstöð mæðraverndar sem hefur staðið að töluverðri undirbúningsvinnu.

Ritstjórnarpistill

Stjórn Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði heldur í dag þann 5. mars 2009, 11. ársfund stofnunarinnar. Yfirskrift fundarins er: „Efling rannsókna í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum: Sóknarfæri til framtíðar“.

Það er ánægjulegt að geta greint frá því að samræming er í yfirskrift ársfundarins og þeim verkefnum sem stjórn Rannsóknarstofnunar í hjúkrunarfræði hefur unnið að undanfarna mánuði. Eitt af þeim verkefnum sem stjórn RSH hefur lagt sérstaka áherslu á að efla er aðstaða rannsakenda við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og Landspítala með því að auka við húsnæði meistara- og doktorsnemenda, bæta tækja-

kost og með því að taka í notkun nýtt 65 fermetra húsnæði stofnunarinnar undir meðferðarrannsóknir sem ber heitið „Rannsóknasetur RSH.“

Aðrar breytingar sem fyrirhugaðar eru innan RSH nú á vormánuðum eru veigamiklar breytingar á stjórnáslu stofnunarinnar en búið er að auglýsa þrjár nýjar stöður innan RSH. Um er að ræða 100% stöðu rannsóknar-sérfræðings sem styrkt er af þróunarsjóði rektors Háskóla Íslands, hálftr starf verkefnastjóra sem ætlað er að sjá um daglegan rekstur stofnunarinnar, styrkt af hjúkrunarfræðideild, og 50% staða verkefnastjóra sem ætlað er að styðja við klínískar rannsóknir í hjúkrun á Land-

spítala sem styrkt er af framkvæmdarstjóra hjúkrunar á Landspítala. Samhliða þessum stöðum verður núverandi staða forstöðumanns lögð niður frá og með 1. apríl næstkomandi. Ég vil því nota tækifærið og þakka forstöðumanni RSH, Hildi Friðriksdóttur, innilega fyrir hennar dýrmætu störf þau tvö ár sem hún hefur gengt starfi forstöðumanns stofnunarinnar og óska henni jafnframt velfarnaðar í starfi á nýjum vettvangi.

Það er von stjórnar RSH að með fyrrgreindum skipulagsbreytingum og auknum húsa-kosti muni starfsemi stofnunarinnar eflast og styrkjast enn frekar á komandi misserum.

„Rannsóknin fjallar um heilsutengd lífsgæði í tengslum við langvinna verki og hvernig Íslendingar leita til heilbrigðiskerfisins vegna verkja“

Nýr doktorsnemi við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands

Porbjörg Jónsdóttir, lektor við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri hefur bæst í hóp doktorsnemenda við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Vinnuheiti doktorsrannsóknar Porbjargar er *Health Related Quality of Life, Pain, and Pain Related Health Care Utilization*

in the Icelandic Population. Rannsókn Porbjargar fjallar um heilsutengd lífsgæði í tengslum við langvinna verki og hvernig Íslendingar leita til heilbrigðiskerfisins vegna verkja.

Sigríður Gunnarsdóttir, lektor við hjúkrunarfræðideild HÍ er leiðbeinandi Porbjargar og

Helga Jónsdóttir, prófessor, við sömu deild er umsjónarkennari hennar. Að auki sitja Eiríkur Líndal og Thor Aspelund í doktorsnefndinni.

Porbjörg lauk MS prófi í verkjafræðum við háskólann í Cardiff í Wales árið 2005.

Samstarf um viðbótarmeðferðir krabbameinssjúklinga á LSH

Unnið hefur verið að stefnu um viðbótarmeðferðir á Landspítala undir stjórn Þóru Jennýjar Gunnarsdóttur lektors við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Stefnan hefur verið samþykkt á lyflækningasviði II á Landspítala.

Markmið stefnunnar er að koma á markvissum, öruggum gagnreindum viðbótarmeðferðum og samþætta þeirri meðferð sem krabbameinssjúklingar fá á Landspítala til

þess að bæta líkamlega og tilfinningalega líðan. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að viðbótarmeðferðir eins og nudd og slökun geta haft jákvæð áhrif í þá átt að draga úr einkennum eins og verkjum og kvíða. Í tengslum við stefnuna hefur verið unnið markvisst að því að innleiða viðbótarmeðferðir á sviðið og styrkja mat á árangri þeirra og skráningu.

Öllu hjúkrunarfólki deildarinnar var boðið að sækja námskeið í

nuddi og slökun og sóttu námskeiðin um 70 manns.

Nokkur rannsóknaverkefni og fræðilegar úttektir í sambandi við viðbótarmeðferðirnar hafa verið unnar í tengslum við lokaverkefnum nemenda á 4. ári í hjúkrunarfræði. Þar á meðal er verið að skoða áhrif slökunarmeðferðar á einkenni sjúklinga og einnig er unnið að fræðilegri úttekt á notkun náttúruafna og ilmólía.

Fyrsti vísindadagur geðhjúkrunar vel sóttur

Rúmlega 100 manns sóttu vísindadag geðhjúkrunar sem var haldinn 30. janúar 2009 í samstarfi við Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði.

Tilgangur vísindadagsins var að kynna rannsóknaverkefni sem unnin hafa verið á fræðasviði geðhjúkrunar. Markhópurinn var hjúkrunarfræðingar, samstarfsfólk og nemendur á sviðinu en allir voru velkomnir.

Fjórtn erindi voru haldin, sem endurspegluðu fjölbreytt verkefni á fræðasviði geðhjúkrun-

ar. Sum verkefnanna eru hluti af meistara- eða doktorsverkefnum en önnur hafa verið unnin af faghópum eða í þverfaglegu samstarfi. Anna Stefánsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala ávarpaði samkomuna um morguninn og Sóley Bender deildarforseti hjúkrunarfræðideildar lauk formlegri dagskrá með samantekt.

Undirbúningur vísindadagsins var á vegum fagráðs í geðhjúkrun, en fagráðið starfar samkvæmt samstarfssamningi Háskóla Íslands og Land-

spítala. Í fagráðinu sitja allir meistara- og doktorsmenntaðir hjúkrunarfræðingar sem starfa á geðsviði Landspítala og hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands en þeir eru nú 23 talsins.

Á ársfundi fagráðs í geðhjúkrun sem haldinn var 31. okt. 2008 var kosin sjö manna stýrihópur sem starfar til eins árs eða fram að ársfundi 2009. Jóhanna Bernharðsdóttir forstöðumaður fræðasviðs geðhjúkrunar stýrir fundum fagráðsins.



Ljósm./Hildur

Þverfagleg ráðstefna um skipulag þjónustu við aldraða

Dagana 15.-17. apríl 2009 verður ráðstefnan *Government of the self in the clinic and the community* haldin í Victoria á Vancouver Island í Kanada. Ráðstefnan er hluti af ráðstefnuröð sem ber yfirheitið *In Sickness and in Health*.

Fyrsta ráðstefnan var haldin í Melbourne í Ástralíu árið 2002 og sú næsta hér í Reykjavík árið 2004. Hún var skipulögð af Kristínu Björnsdóttur í samstarfi við hjúkrunarfræðideild

Háskóla Íslands. Meginviðfangsefni ráðstefnanna eru völd, störf og siðfræði innan heilbrigðisþjónustunnar.

Að þessu sinni er sérstök áhersla lögð á skipulag þjónustu við aldraða en líkt og á fyrri ráðstefnum beinist athygli jafnframt að stýringu, notkun tækni og að áhrifum ólíkra starfsaðferða í heilbrigðisþjónustunni.

Ráðstefnan er þverfagleg og

þátttakendur eru bæði úr faggreinum eins og hjúkrun, læknisfræði, sjúkrapjálfun, félagsráðgjöf, félagsfræði, mannfæði og heimspeki. Gestafyrirlesarar verða Ingunn Moser, Carl May, Katherine Teghtsoonian, Joanna Latimer og Sioban Nelson.

Vefslóð ráðstefnunnar er: www.isihconference.com/main.cfm?cid=1275.

„Ráðstefnan er hluti af ráðstefnuröð sem ber yfirheitið *In Sickness and in Health*“

Rúmlega 5 milljónir króna veittar til lungnarannsóknar

Rannsóknateymi undir stjórn Helgu Jónsdóttur, prófessors við hjúkrunarfræðideild HÍ, hlaut nýverið 3,9 m.kr. styrk frá Rannís og 1,2 m.kr. styrk frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til rannsóknarinnar *Efling heilbrigðis og sjálfsömnunar hjá einstaklingum með langvinna lungnateppu og fjölskyldum þeirra*.

Í rannsóknateyminu eru auk Helgu sérfræðingar í hjúkrun lungnasjúklinga og reykleysis-meðferð, lungnalæknar, töl-

fræðingur og hjúkrunarfræðingur frá Nýja Sjálandi.

Tilgangur rannsóknarinnar er að meta árangur sjálfsömnunarmeðferðar með áherslu á samráð við fólk með langvinna lungnateppu og fjölskyldur þeirra m.a. heilsutengd lífsgæði, notkun á heilbrigðisþjónustu, reykbindindi, andþygngli, kvíða og þunglyndi. Rannsóknasniðið er tilraunasnið og verður þátttakendum raðað tilviljunarkennt í meðferðar- og samunburðarhópa.

Meðferðin samanstendur af fræðslu og samræðum, m.a. um sjúkdóminn og meðferð við honum, auk reykleysis meðferðar.

Meðferðin er veitt í viðtölum og á hópfundi og varir allt að 6 mánuðum. Gagnasöfnun mun standa yfir næstu 3 árin og munu þó nokkrir nemendur í framhaldsnámi taka þátt í verkefninu.



Árangur sjálfsömnunarmeðferðar verður metinn.



Viðbótarmeðferðin verður samþættað núverandi meðferð.